Um Listahátíðarlist og Gerði

Það verður vart á móti því borið að hingað til hefur Listahátíðin í Reykjavík verið hátíð tónlistarfólks fyrst og fremst enda voru helstu aðstandendur miklir tónlistarmenn og unnendur. Það er eflaust mál til komið að breyta hlutföllum listgreina á hátíðinni, — þótt ekki væri nema í eitt skipti. Þó verður það að segjast eins og er að myndlistin hefur ekki borið skarðan hlut frá borði hátíðarinnar, ef á heildina er litið sæmilega hlutlausum augum, þótt skipuleggjendur hennar hafi vart haft eins mikinn metnað fyrir myndlistarfólk og tónlistar. Leiklistin hefur einnig farið allsæmilega út úr hátíðinni, þótt aðstandendur hennar hafi að ósekju mátt leita fanga víðar en þeir hafa gert. Bókmenntum hefur hins vegar lítið verið sinnt og það liggur við að listdans hafi fengið stærri sneið af kökunni en ritlistin. Listiðn hefur verið lítt áberandi á undangengnum hátíðum.


Sæmilega fjölbreytt

Myndlist á þeirri listahátíð sem nú stendur yfir er um margt áhugaverð. Allténd er hún sæmilega fjölbreytt: spænsk nútímatónlist (Saura), svo og klassísk grafiklist Goya, einn helsti myndhöggvari okkar í dag (Sigurjón Ólafsson), tvær merkar íslenskar listakonur (Kristín og Gerður), nýlist í Suðurgötu 7, ýmis smágerð listiðn og fleira í Langbrók, heföbundnar höggmyndir og þrívið myndverk ýmiss konar að Korpúlfsstöðum, umhverfislist á almannafæri og loks arkitektúr á Íslandi.

Hins vegar hefur engin heildarstefna verið mótuð varðandi myndlist á Listahátíð og það sem verra er: undirbúningstími er hlægilega stuttur. Þess vegna er ekki laust við



Bronsmynd, 1972.



Gerður Helgadóttir að störfum.

að sumar sýninganna virki bæði tætingslegar og hálfkaraðar, — hafi óljósan tilgang. Sérhver listahátíðarnefnd á að gera það upp við sig snemma á ferli sínum, hvers konar myndlist hún vill sjá á næstu hátíð og þá gjarnan með undangengna hátíð sem viðmiðun.

Þörf á alvörusýningum

Mér finnst t.d. ekki ósanngjarnt að ætlast til þess af Listahátíð að hún standi fyrir a.m.k. tveimur meiri háttar listsýningum, einni að utan og annarri íslenskri. Einnig mætti ímynda sér að Listahátíð tæki af skarið og skipulegði myndlistarsýningar, sem allar tengdust ákveðnu tema. Möguleikarnir eru nánast óþrjótandi. En það er fyrir öllu að skipulagsnefnd haldi um stjórnvölinn af röggsemi, þannig að sú handvömm og það skipulagsleysi sem einkenndi allan undirbúning myndlistar fyrir þessa hátíð endurtaki sig ekki.

Og þegar ég nefni myndlist, þá á ég við alvörusýningar, rækilega undirbúnar, vel uppsettar með alvöru sýningarskrám, sem geta haft allt í senn, fræðslu, útbreiðslu og heimildagildi. Sérstaklega er mikilvægt að viðhafa þau vinnubrögð þegar um yfirlitssýningu á lítt þekktum íslenskum listamanni er að ræða, því enn skortir okkur tilfinnanlega vitneskju um ýmsa mikilvæga þætti í íslenskri myndlistarsögu.

Meira um spurningar en svör

Því bera að harma þá meðferð sem Kristín Jónsdóttir hefur hlotið á þessari hátíð. Satt að segja er ég hissa á því að ættingjar hennar skuli hafa látið bjóða sér upp á fimm mánaða undirbúningstíma, stuttlega upptalningu á sýningum í skrá, — og fullkomna fáránlega upphengingu myndanna. Meira um sýningu Kristínar í næstu grein.

Ekki var ég meira en svo trúaður á kosti þess að blanda saman á einum stað verkum Kristínar og Gerðar Helgadóttur, ásamt með myndröð Ragnheiðar Jónsdóttur sem gerð var sérstaklega fyrir Listahátíð. En þótt þessar sýningar veki upp fleiri spurningar en þær svara, þá er ljóst, að Leifur Breiðfjörð glermyndasmiður, sem sá um útlit sýninganna og sýningarskrár, hefur bjargað málum með fádæma smekklegu og skemmtilegu skipulagi, sérstaklega á verkum Gerðar, — og hefur beinlínis gert staðinn spennandi fyrir vikið.

Mikil afköst

Enn er ólokið úttekt á ævistarfi Gerðar Helgadóttur og væntanlega bíður það verk hins nýja safns í Kópavogi. En uppsetning Leifs gerir áhorfandanum samt kleift að rekja þróun í verkum hennar, — og njóta um leið áhrifa einstakra verka. Þannig á að standa að samsetningu yfirlitssýningar, hvort sem hún er til bráðabirgða eða gerir tilkall til að vera afgerandi og endanleg úttekt.

Hvers konar mynd fáum við svo af Gerði sem listamanni? Að svo komnu máli og án frekari rannsókna er varlegast að fullyrða ekki um of. Þó langar mig að minnast á nokkur atriði sem hafa sótt á mig við skoðun sýningarinnar. Gerður deyr árið 1974 aðeins 47 ára að aldri og ef skúlptúr hennar einn og sér er skoðaður, þá sýnist mér, sem hún hafi ekki verið búin að taka út fullan þroska, er hún lést, þótt afköst hennar hafi verið gríðarleg alla tíð. Hér á ég við að henni tekst ekki (eða afar sjaldan) að setja fram niðurstöður í skúlptúr sínum, sem ekki bera sterkari svip af ígrundunum annarra en hennar sjálfrar.



Sellóleikarinn, 1950, brenndur leir.

Mörg járn í eldinum

Kannski var hún áhrifagjörn um of, kannski var hún með of mörg járn í eldinum, — einkarlega um og eftir miðjan sjöunda áratuginn. Við sjáum í verkum hennar einn lærimeistarann taka við af öðrum — Sigurjón Ólafsson, Maillol & Laurens, Zadkine, Gonzalez, Calder, Ioks Pevsner og Lippold, — obbann af meisturum módernismans í nútíma skúlptúr. Í hvert sinn vinnur Gerður úr verkefni sínu af stakri vandvirkni og verklagni, en þó er eins og hnykkur komi á þróunarferil hennar við hverja umbreytingu og áhorfandanum verður ekki ljóst hver tengslin eru milli tveggja ólíkra skeiða.

Þó er ég ekki frá því að á tímabilinu 1951—1954 hafi Gerður komist næst því að skapa sér sjálfstæðar forsendur. Hér á ég við svörtu járnskúlptúrana, sem eru ávöxtur af kynnum Gerðar af geómetriskri afstraktlist í París og nánu samneyti við verk Julio Gonzalez á Nútímalistasafninu þar í borg.

Ríkulega skreytihæfileika

Þessi verk hafa alveg sérstakan þokka og leikandi létt inntak, auk þess sem þar eru gerðar ýmsar bráðskemmtilegar tilraunir með rúm og massa. En það er einkennandi fyrir þær efasemdir sem virðast sækja á Gerði oft og tíðum, að samtímis þessum laufléttu, opnu skúlptúrum, gerir hún massíf verk og þyngslaleg og leitar þá jafnvel aftur í tyrfnasta kúbisma (Lipchitz, Laurens) að fyrirmyndum.

Það er kannski í steinglerinu og steinsteypu-skúlptúrum með innfelldu gleri, sem Gerður er sjálfri sér samkvæm alla ævi. Það kemur í ljós að hún hafði ríkulega hæfileika til ýmiss konar skreytinga og þeir koma fram í síðari skúlptúrum hennar mörgum, lágmyndum, mósaiki og skartgripum, — en einkarlega í steinglerinu. Allt frá því hún gerir sína fyrstu glugga í Saurbæjarkirkju árið 1957 og til þeirra glugga, sem hún lét eftir sig og þeir Oidtmann-bræður hafa unnið, mótar hún steingler eftir sínu eigin höfði og leikur á alls oddi.

Fágun og atorka


Helsu einkenni á gluggum hennar eru: afstrakt inntak, smágerð form, mikil notkun blýfalsa fremur en yfirmálum og tíð brúkun á samloka formum (symmetriskum), helst fyrir miðju í hverju glugga, — en það er symmetrían, sem setur einna sterkastan svip á síðari skúlptúr hennar. Litir hennar eru mildir og mjúklega samstilltir, kalla ekki á áhorfandann heldur kynna sig smátt og smátt. Mesta ánægju hafði ég af tveimur stórum gluggum í grátónum og T-laga teikningum fyrir þýska kirkju.

Margt fleira má segja um verk Gerðar Helgadóttur og vonandi gefst tækifæri til þess síðar meir, þegar búið verður að koma upp safni hennar í Kópavogi. En þessi sýning ber fagurt vitni fágaðri myndrænni hugsun listakonunnar, vönduðu handbragði og feikilegri atorku — svo og ræktarsemi ættingja hennar og vina og virðingu skipuleggjandans, Leifs Breiðfjörð, fyrir því verki sem hann tókst á hendur.

-AI.

LISTAHÁTÍÐ 1980






Komposition, 1952, járn.



Rakarastofan Klapparstíg
Sími 12725
Hárgreiðslustofa Klapparstíg

Tímapantanir
13010



29. JÚNÍ
PÉTUR J. THORSTEINSSON

Aðalskrifstofa stuðningsfólks Péturs J. Thorsteinssonar í Reykjavík er á Vesturgötu 17, símar
28170—28518

UTANKJÖRSTAÐASKRIFSTOFA SÍMAR: 28171 OG 29873.
★ Allar upplýsingar um forsetakosningarnar.
★ Skráning sjálfboðaliða.
★ Tekið á móti framlögum í kosningasjóð.
★ ★ Nú fylkir fólkið sér um Pétur

Stuðningsfólk Péturs.